

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 110 15. mars 1979, um bann við loðnuveiðum 1979.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júlí 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón B. Jónasson.

27. júlí 1979.

Nr. 316

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 195/1978, skal heimilt að greiða einkasölgjald samkvæmt gjaldskrá þessari af því magni sem umfram er, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

A. Áfengi:	0,375 l	0,50 l	0,75 l	1,0 l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín ..	kr. 1 100	1 300	1 800	2 200
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	kr. 1 250	1 500	2 000	2 500
3. Íslenskar áfengistegundir	kr. 3 050		5 770	
4. Koniak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	kr. 4 750	5 700	8 020	9 800

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	kr. 5 500	pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	kr. 4 800	pr. karton
3. Smávindlar	kr. 700	pr. 10 stk.
Meðalstærð	kr. 3 600	pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir	kr. 4 800	pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollfrelsit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 318 12. september 1978 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 27. júlí 1979.

**F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.**

Sigurgeir A. Jónsson.